



Eitt evrópskt einkaleyfi (Unitary Patent)

Áhugaverður kostur fyrir
nýsköpunarfyrirtæki og fjárfesta

Nýtt kerfi fyrir eitt evrópskt einkaleyfi

Eitt evrópskt einkaleyfi eykur samkeppnishæfni Evrópu með því að bæta og styrkja miðlæga, evrópska einkaleyfakerfið. Ásamt sameiginlega einkaleyfadómstólnum er það hagkvæmur valkostur fyrir einkaleyfavernd og lausn deilumála um einkaleyfi í Evrópu og örvar rannsóknir, þróun og fjárfestingar í nýrri tækni. Kerfið markar mikilvæg skref í átt að innri tæknimarkaði Evrópusambandsins (ESB).



EPO og niðurskipt kerfi eftir veitingu hefðbundins evrópsks einkaleyfis

Evrópska einkaleyfastofan, EPO (European Patent Office), styður við nýsköpun, samkeppnishæfni og hagvöxt í Evrópu. EPO er ekki ESB-stofnun heldur sérstök milliríkjastofnun sem starfar á grundvelli evrópska einkaleyfasamningsins (European Patent Convention, EPC).

EPO rannsakar og veitir evrópsk einkaleyfi miðlægt fyrir 39 aðildarríki EBS og nokkur ríki sem standa utan sambandsins, m.a. Ísland. Þetta sparar uppfinningamönnum kostnað því þeir þyrftu annars að leggja inn margar landsbundnar einkaleyfisumsóknir hjá mismunandi einkaleyfastofum. Á sama tíma tryggir kerfið gæði veittra einkaleyfa í Evrópu.



Hefðbundna evrópska einkaleyfið er í raun samansafn landsbundinna einkaleyfa, sem þýðir að staðfesta þarf og viðhalda einkaleyfinu í hverju landi þar sem það á að taka gildi. Þetta ferli getur verið umfangsmikið og kostnaðarsamt þar sem greiða þarf staðfestingar- og síðar árgjöld í hverju landi fyrir sig og hugsanlega þýða einkaleyfaskjölin, í það minnsta kröfurnar, yfir á önnur tungumál. Kostnaðurinn við að ráða lögmennt eða sérhæfða umboðsmenn í hinum ýmsu löndum getur einnig verið fljótur að safnast upp.

Ferlið getur verið vandasamt og dýrt, greiða þarf gjöld í hverju landi og kostnaðurinn getur því safnast hratt upp

Eitt evrópskt einkaleyfi: Einfaldari, víðtækari og ódýrari einkaleyfisvernd

Eitt evrópskt einkaleyfi sníðir vankanta af kerfinu með því að gera uppfinningamönnum kleift að fá samræmda einkaleyfisvernd fyrir öll aðildarríki ESB sem taka þátt í kerfinu á einfaldari og ódýrari hátt.

Til viðbótar við miðlæga umsóknarferlið hjá EPO kemur nú miðlægt ferli í kjölfar einkaleyfisveitingar: í stað þess að staðfesta hefðbundið evrópskt einkaleyfi í hverju ríki fyrir sig geta rétthafar nú fengið eitt evrópskt einkaleyfi með því að leggja inn eina umsókn til EPO, þar sem allt er afgreitt á einum stað, bæði miðlæg umsjón með einkaleyfinu og innheimta viðeigandi gjalda. Þetta dregur verulega úr skriffinnsku og kostnaði. Niðurskipta ferlið eftir veitingu einkaleyfis þýddi að það þurfti að greiða mismunandi árgjöld í ólíkum gjaldmiðlum til mismunandi einkaleyfastofa í hverju landi, sem jafnframt setja mismunandi lagaskilyrði, einkum hvað varðar tímamörk. Nú greiða eigendur eins evrópsks einkaleyfis eitt árgjald í einum gjaldmiðli með einum tímamörkum og einum greiðslumáta. Þetta gerir ferlið ekki aðeins mun einfaldara heldur einnig mögulega ódýrara þar sem rétthafar geta séð sjálfir um alla umsýslu eftir veitingu einkaleyfis.


Það sem meira er: beiðnir um eitt evrópskt einkaleyfi eru algerlega gjaldfrjálstar, sem þýðir að engin umsóknar-, rannsóknar- eða skráningargjöld eru greidd til EPO fyrir þau. Árgjöld fyrir eitt evrópskt einkaleyfi eru líka afar hagstæð: heildarkostnaðurinn við að viðhalda einu evrópsku einkaleyfi fyrstu tíu árin, sem er meðallíftími einkaleyfis sem EPO veitir, er innan við 5000 evrur.

Árgjöld fyrir eitt evrópskt einkaleyfi

–	–	11. ár	€ 1 460
2. ár	€ 35	12. ár	€ 1 775
3. ár	€ 105	13. ár	€ 2 105
4. ár	€ 145	14. ár	€ 2 455
5. ár	€ 315	15. ár	€ 2 830
6. ár	€ 475	16. ár	€ 3 240
7. ár	€ 630	17. ár	€ 3 640
8. ár	€ 815	18. ár	€ 4 055
9. ár	€ 990	19. ár	€ 4 455
10. ár	€ 1 175	Tuttugasta ár	€ 4 855

– Árgjald með álagi = 50% (1. mgr. 2.gr., 2. liður, RFeesUPP)
 – 15% lækkun á árgjaldi fyrir nytjaleyfi (Regla 12 UPR, 3. gr. RFeesUPP)

Frekari upplýsingar um kostnað við eitt evrópskt einkaleyfi miðað við sambærilega vernd í aðeins fjórum leiðandi Evrópulöndum samkvæmt hefðbundnu evrópsku einkaleyfakerfi má finna á [vefsíðu EPO](#).



Eitt evrópskt einkaleyfi nær nú til eftirfarandi 18 ríkja: Austurríkis, Belgíu, Búlgaríu, Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Lettlands, Litháens, Lúxemborgar, Möltu, Hollands, Portúgals, Rúmenía, Slóveníu og Svíþjóðar.

Eitt evrópskt einkaleyfi mun hugsanlega ná til allra Evrópusambandsríkja í framtíðinni en nær nú til 18 þeirra. Önnur ríki gætu einnig tekið þátt í framtíðinni. Til þess að taka þátt í samstarfi um eitt evrópskt einkaleyfi verða aðildarríki ESB að vera aðilar að sérstöku samkomulagi ESB um aukna samvinnu (nú 25 ríki) og fullgilda samninginn um sameiginlegan einkaleyfadómstól (Unified Patent Court, UPCA).

Sameiginlegur einkaleyfadómstóll (UPC): miðstýrð framfylgd réttinda og aukin réttarvissa

Miðstýrð framfylgd í gegnum nýja sameiginlega einkaleyfadómstólinn

Framfylgni dóma verður mun einfaldari með einu evrópsku einkaleyfi. Áður höfðu eingöngu landsdómstólar lögsögu í dómsmálum vegna einkaleyfa. Til dæmis þurfti að höfða ógildingarmál vegna hefðbundinna evrópska einkaleyfa fyrir landsdómstólum en úrskurður hvers dómstóls hafði aðeins áhrif í viðkomandi landi. Þetta gat stundum þýtt að það þurfti að standa í mörgum málaferlum í mismunandi aðildarríkjum, sem var ekki bara afar flókið og kostnaðarsamt heldur hafði einnig í för með sér hættu á misvísandi úrskurðum landsdómstóla.

Með nýja sameiginlega einkaleyfadómstólum (UPC) verða dómsmál vegna einkaleyfa í aðildarlöndum kerfisins í Evrópu meðhöndluð á samræmdan, sérhæfðan og skilvirkan hátt. Sameiginlegi einkaleyfadómstóllinn er yfirþjóðlegur dómstóll sem komið var á fót samkvæmt alþjóðlegum sáttmála og hefur lögsögu til að úrskurða um deilumál, þar á meðal varðandi brot og ógildingarkröfur sem tengjast bæði einu evrópsku einkaleyfi og hefðbundnum evrópueinkaleyfum (þótt ákveðnar undantekningar gildi um hið síðarnefnda á aðlögunartímabili til 31. maí 2030). Sameiginlegi einkaleyfadómstóllinn sem einungis sinnir dómsmálum er varða einkaleyfi, er nýr vettvangur til að framfylgja einkaleyfum og vefengja þau, til hagsbóta fyrir jafnt uppfinningamenn, þriðju aðila og almenning. Einkaleyfishafar geta nú framfylgt einkaleyfum sínum á skilvirkari hátt og almenningur og þriðju aðilar geta nú farið fram á ógildingu evrópskra einkaleyfa í einu miðlægu ferli. Þetta kemur í veg fyrir að deila þurfi um sama einkaleyfið í mismunandi löndum og gerir málaferli því töluvert ódýrari. Auk þess eykur sameiginlegi einkaleyfadómstóllinn réttarvissu með því að útiloka hættuna á misvísandi úrskurðum landsdómstóla og samræma dómaframkvæmd.

Aukin viðskipti og fjárfestingar

Rannsóknir hafa sýnt að atvinnugreinar þar sem notkun hugverkaréttinda og þá sérstaklega einkaleyfa er meiri en almennt gerist, leggja meira af mörkum til vergrar landsframleiðslu og utanríkisviðskipta en aðrar greinar. Hins vegar er framlag þeirra til viðskipta og beinnar, erlendar fjárfestingar á milli ESB-ríkja enn takmarkað, sem bendir til þess að til staðar séu tækifæri til uppbyggingar á innri tæknimarkaði Sambandsins. Fyrra fyrirkomulag við veitingu hefðbundinna evrópskra einkaleyfa hefur án efa haft áhrif á takmarkaða útbreiðslu einkaleyfisvarinna uppfinninga milli ESB-ríkja. Flest einkaleyfi voru aðeins staðfest í örfáum aðildarríkjum til að spara kostnað við að staðfesta og viðhalda þeim.

Búist er við því að samræming einkaleyfaverndar með einu evrópsku einkaleyfi muni hafa jákvæð áhrif á viðskipti og erlendar fjárfestingar í hugverka- og tækniiðnaði Evrópu. Samkvæmt rannsókn sem EPO gerði í samstarfi við University of Colorado Boulder og London School of Economics, getur samræming ESB-reglna um einkaleyfavernd leitt til 2% aukningar á milliríkjaviðskiptum innan sambandsins (sem nemur 14,6 milljörðum evra) og 15% aukningar (sem nemur 1,8 milljörðum evra) í árlegu innstreymi beinnar, erlendar fjárfestingar í þessum greinum í ríkjum Evrópusambandsins.

Samkvæmt nýlegri rannsókn getur samræming ESB-ríkja á bestu gildandi reglum um vernd einkaleyfa leitt til 2% aukningar í árlegu innstreymi viðskipta og 15% aukningar í árlegu innstreymi beinnar, erlendar fjárfestingar.

Auk þess mun hin víðtæka svæðisbundna vernd sem eitt evrópskt einkaleyfi býður upp á, auðvelda miðlun tækniþekkingar og samvinnu milli Evrópulanda. Miðlæg skrá með lagalegum upplýsingum um stöðu eins evrópsks einkaleyfis á hverjum tíma, þar á meðal um veitingu nytjaleyfa, stuðlar að skilvirkum markaði fyrir miðlun tækniþekkingar í þeim aðildarríkjum sem taka þátt. Markaður fyrir tæknilausnir verður með þessu einnig opnari. Tækniyfirfærsla og samstarf á sviði rannsókna við aðila í löndum þar sem evrópsk einkaleyfi hafa hingað til sjaldan verið staðfest verður einfaldara. Loks munu einkaleyfishafar sem veita nytjaleyfi njóta góðs af afslætti af árgjöldum einkaleyfa sem stendur þeim til boða.



Margvíslegur ávinningur fyrir fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, sprotafyrirtæki og háskóla

Lítill og meðalstór fyrirtæki og sprotafyrirtæki verða í betri aðstöðu til að ákveða hvort og hvenær á að færa út kvíarnar og sækja inn á nýja markaði.

Eitt evrópskt einkaleyfi hefur margvíslegan ávinning í för með sér fyrir umsækjendur, einkum þá sem búa yfir takmörkuðum auðlindum, svo sem lítil og meðalstór fyrirtæki, sprotafyrirtæki og háskóla, sem eru einmitt aðilarnir sem framtíð evrópska hagkerfisins veltur að miklu leyti á.

Hugverkaréttindi gegna lykilhlutverki í því að hjálpa þessum aðilum að koma nýrri tækni á markað. Þau gera þeim kleift að njóta góðs af sköpunargáfu starfsmanna, frumkvöðlastarfi og fjárfestingum og skapa þannig hvata til frekari fjárfestinga og nýsköpunar.

Smærri aðilar sem fengu einkaleyfi veitt áður fyrr treystu gjarna á landsbundin réttindi. Þar af leiðandi öðluðust þeir oft enga haldgóða vernd fyrir uppfinningar sínar í Evrópu eða voru aðeins með vernd í örfáum löndum. Eitt evrópskt einkaleyfi kemur í veg fyrir skriffinnsku og fjárhagslegar hindranir sem þeir hafa staðið frammi fyrir við það að koma uppfinningum sínum á Evrópumarkað og gerir þá samkeppnishæfari. Lítil og meðalstór fyrirtæki og sprotafyrirtæki sem fá veitt eitt evrópskt einkaleyfi verða í betri aðstöðu til að ákveða hvort og hvenær rétt er að færa út kvíarnar og sækja inn á nýja markaði, eftir því hvernig vörunni gengur eða hvaða nýju viðskiptatækifæri gefast á öðrum mörkuðum innan ESB. Eitt evrópskt einkaleyfi veitir rannsóknastofnunum víðtæka vernd fyrir vænlegar uppfinningar á fyrstu stigum og auðveldar þannig rannsóknasamstarf yfir landamæri og tækniyfirfærslu eftir því sem tækninni fleygir fram.

Hið dreifða fyrirkomulag hefðbundna evrópska einkaleyfisins – með öllum sínum flækjum og mögulegri þörf fyrir samhliða málaferli í mörgum lögsagnarumdæmum – gerir litlum aðilum nær ómögulegt að takast á við dómsmál vegna einkaleyfa, hvort sem er í sókn eða vörn. Minni kostnaður við málaferli fyrir sameiginlega einkaleyfadómstólnum tryggir nú að aðgangur að réttarkerfinu og framfylgd einkaleyfisverndar er ekki lengur háður fjárhagslegu bolmagni.

Auk þess er til staðar bóta- og gjaldalækkunarferli fyrir aðila með takmörkuð fjárráð. Einstaklingar, lítil og meðalstór fyrirtæki, stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, háskólar og opinberar rannsóknarstofnanir sem leggja fram umsókn á opinberu tungumáli ESB, öðru en ensku, frönsku eða þýsku, eiga rétt á 500 evra eingreiðslu vegna þýðingarkostnaðar.

Enn fremur tekur gjaldskrá dómstólsins mið af því að ná jafnvægi milli þess að tryggja að aðilar leggi nægilega mikið af mörkum til kostnaðar og meginreglunnar um sanngjarnan aðgang að réttarkerfinu. Reglur um dómskostnað fela til dæmis í sér að lítil og meðalstór fyrirtæki greiði aðeins 60% af fullu verði. Auk þess getur sameiginlegi einkaleyfadómstóllinn endurgreitt hluta eða jafnvel öll þessi gjöld þegar lítil og meðalstór fyrirtæki leggja fram haldbærar sannanir fyrir því að þóknarir til dómstólsins ógni fjárhagsgrundvelli þeirra. Til að takmarka áhættuna við málaferli enn frekar getur sameinaði einkaleyfadómstóllinn einnig sett þak á endurheimtanlegan kostnað sem aðilinn sem dæmt er í hag á heimtingu á ef slíkur kostnaður ógnar fjárhagslegum grundvelli mótaðilans.

Hvenær var nýja kerfið tekið upp?

Kerfið fyrir eitt evrópskt einkaleyfi tók gildi **1. júní 2023** þegar sameiginlegi einkaleyfadómstóllinn tók til starfa.



Útgáfa og ritstjórn:

Einkaleyfastofnun Evrópu

© EPO September 2024

epo.org/unitary

Ábyrgðaraðili efnis:

Directorate Patent Developments & IP Lab (D 5.2.1)

og Unitary Patent Division (D 5.3.2.2)

Heimilisfang:

Bob-van-Bentham-Platz 1 | 80469 München | Þýskalandi

Sími:

+49 89 2399-0

Netfang:

support@epo.org

Hugverkastofan aðstoðaði við þýðingu þessa bæklingis.

